

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1032
komudagur 4.4.2002

Reykjavík, 4. apríl 2002

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 605. mál.

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 605. mál.

BSRB hefur farið yfir framangreint frumvarp og eru aftirfarandi athugasemdir umsögn BSRB við frumvarpið eins og það liggur fyrir:

1. Almennar athugasemdir

Eins og kemur fram í frumvarpinu er verið að leggja til að lögfestar verði meginreglur tilskipunar nr. 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma og tilskipunar nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum. Þá er eru lagðar til nokkrar breytingar með hliðsjón af tilskipun ráðsins nr. 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna.

Meginreglur framangreindra tilskipana sem lagt er til að teknar verði upp eiga það sameiginlegt að þeim er ætlað að stuðla að auknu öryggi og heilsu starfsmanna og telur BSRB það jákvætt.

2. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

3. grein:

Sú nýlunda að atvinnurekanda sé gert skylt að gera skriflegt mat um áhættu í störfum sem og áætlun um forvarnir er mikilvægt hagsmunamál fyrir allt launafólk og styður BSRB það.

Hins vegar gagnrýnir BSRB það sem kemur fram í 3. mgr. greinarinnar að atvinnurekandi eða starfsmenn hans sem ákveða að sjá sjálfir um áhættumatið og áætlunina þurfi ekki viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins. Til þess að markmið ákvæðisins nái fram að ganga hlýtur að vera mikilvægt að Vinnueftirlit ríkisins meti hæfi allra þeirra sem að áhættumati og áætlunargerð koma, en hér er það algjörlega lagt í hendur atvinnurekandans hvort hann telji sig hæfan til að sinna þessu eða ekki.

Leggur BSRB því til að atvinnurekendur eða starfsmenn þurfi að hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins á sama hátt og þeir sem eru nefndir þjónustuaðilar í ákvæðinu.

9. grein:

a. (52. gr.)

Í þessu ákvæði er að finna upptalningu á meginhugtökum frumvarpsins og skilgreiningar þeirra í samræmi við 2. gr. vinnutímatilskipunar.

Þann 23. janúar 1997 gerðu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborg og launanefnd sveitarfélaga annars vegar og ASÍ, BHM, BSRB og KÍ svokallaðan vinnutímasamning þar sem ákvæði vinnutímatilskipunar voru tekin upp. Eru skilgreiningar í frumvarpi þessu að hluta til fengnar upp úr vinnutímasamningnum.

Frá því að vinnutímasamningurinn var gerður og fram til dagsins í dag hafa ýmis vandamál m.a. tengd hugtakanotkun komið í ljós og hefur m.a. verið tekist á um það á vettvangi samráðsnefndar um vinnutíma sem starfar samkvæmt 14. gr. vinnutímasamningsins. Raunhæft dæmi er mál sem BHM fyrir hönd Hjúkrunarfræðingafélags Íslands lagði fyrir nefndina og fjallaði um hjúkrunarfræðing sem kallaður var út í sjúkraflug í sumarleyfi. Þar snéri ágreiningurinn um það hvort ferð til að sækja sjúkling (til slyss- eða ákvörðunarstaðar –áður en sjúklingur er sóttur og honum flogið heim á sjúkrahús) teljist virkur vinnutími. Afstaða fjármálaráðuneytisins í þessu máli liggur fyrir og er hún sú að þarna sé um að ræða vinnuhlé þar sem ekki er krafist vinnuframlags. Þar með sé þetta ekki virkur vinnutími. Fulltrúar stéttarfélaganna sem eiga sæti í nefndinni (ASÍ, BHM, BSRB, KÍ) lýstu yfir andstöðu sinni við þessa afstöðu með vísan til þess að þessi niðurstaða sé í engu samræmi við markmið vinnutímatilskipunarinnar um hvíld.

Til þess að eyða þeirri óvissu sem ríkir nú þegar leggur BSRB til að þessi meginhugtök í frumvarpinu verði skýrð á fullnægjandi hátt í lögnum til þess að markmið vinnutímatilskipunarinnar nái fram að ganga.

e. (54. gr.)

BSRB telur að með 3. mgr. greinarinnar sé verið að opna verulega á heimild til að fresta vikulegum frídegi og kemur til dæmis ekkert fram í ákvæðinu hversu lengi honum skuli frestað. BSRB leggur til að þessi málsgrein detti út, hún sé í raun óþörf þar sem 2. mgr. ákvæðisins taki á tilvikum sem þessum.

11. gr.

Hér er í frumvarpinu lagt til að 66. gr. laganna falli brott með þeim rökstuðningi að það ákvæði eigi ekki við þegar gert er ráð fyrir að atvinnurekendur geri skriflega áætlun um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna, sbr. 3. gr. frumvarpsins (13. gr. a).

BSRB hefur alltaf lagt á það ríka áherslu að farið verði að 66. gr. núgildandi laga nr. 46/1980. Í greininni eins og hún stendur nú og hefur gert síðan árið 1980 er kveðið á

um að heilsugæslustöðvar skuli annast heilsuvernd starfsmanna. Þetta hefur aldrei náð fram að ganga og er skýringin fjárskortur stöðvanna.

Fyrir nokkru hófst umræða um breytingu á núgildandi lögum og lögðu atvinnurekendur ríka áherslu á að einkareknar stöðvar kæmu að þessu starfi. Um þetta var m.a. fjallað í nefnd sem starfaði á vegum Vinnueftirlits ríkisins sem BSRB átti aðild að. Þar varð undir það sjónarmið BSRB að heilsugæslunni bæri að annast þetta hlutverk og það bæri að tryggja henni fjármagn til þess. Varðandi þetta atriði hefur BSRB alltaf haft fyrirvara. Fulltrúi samtakanna féllst þó á niðurstöðu nefndarinnar á þeirri forsendu að mjög skýr greinarmunur yrði gerður á almennri lækniþjónustu annars vegar og henni haldið algerlega á vegum opinberrar heilsugæslu og hins vegar þjónustu sem lýtur einvörðungu að vinnustaðnum það er að segja sjúkdómum tengdum vinnustaðnum og forvörnum gegn þeim. Þess skal getið að niðurstaða fyrrgreindrar nefndar byggðist á samspili fjölmargra þátta en ef þeim yrði raskað yrðu menn að endurskoða alla þætti heildstætt.

BSRB leggur mikið upp úr því að forvarnarstarf og eftirfylgni á vinnustöðum sé eftir og hefur því af því miklar áhyggjur hvaða afleiðingar það hefði ef 66. gr. verður felld úr lögnum. Þau rök að þetta ákvæði sé óþarft vegna áhættumatsins eru ekki fullnægjandi að mati BSRB.

Að lokum tekur BSRB undir tillögur ASÍ í umsögn þeirra frá 15. mars um frumvarpið hvað varðar einelti á vinnustað.

f.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir